

Aldaskiftin.

I.

Hjá því verður varla komist, að setja vetur þann hinn mikla sem verið hefir, og raunar ekki er lokið ennþá, í samband við aldaskiftin. Fregnirnar utan úr löndum minna á það sem i Eddu segir af að draga Þadanum að Ragnarökum. „Pá drífr snær óllum áttum“, segir þar „og frost eru þá mikil ok vindar hvassir“. En vér fréttum af snjóþyngslum á Ítalíu og Spáni, og jafnvel suður í sjálfrí sólarálfunni Afriku drifur snær. Og svo eru hvassir vindar, að jafnvel skipatröll nútímans verða í háská stödd af sjávargangi. Og ekki skortir að „hafið geysist á löndin“, eins og menn urðu svo óskentilega varir við hér á landi í byrjun þessa vetrar. Færí þá illa um Íslands bygð, ef hafið tæki astur landauka þann sem orðið hefir við strendurnar síðastliðin 2—4000 ár. En ekki þarf að efa, að herða mundi á ósköpum slikum sem af er sagt, ef Helstefnan fengi að ráða áfram.

—o— 13.3.35 U.

II.

Mér hefir þótt vænt um að sjá, að einn af allra merkilegustu og viðlesnustu heimspékingum vorra tíma, Þjóðverjinn Oswald Spengler, heldur því fram í síðustu bók sinni „Jahre der Entscheidung“ (Úrslitaár), að tímamót þau sem nú eru, séu alveg einstæð í sögu mannkynsins og annars eðlis en nokkur sem verið hafa áður. Eru þá meiri likindi til að þessum áriðandi sannindum sé gaumur gefinn, ef fleiri en einn verða til þess að halda þeim að mönnum. En takist aldaskiftin þann veg sem vera þarf, takist að breyta frá Helstefnunni, þá mun það koma fram fyrst í eindæma árgæsku og mjög aukinni velgengni til lands og sjávar, sem ekki síst hér á landi mun stinga mjög í stúf við það sem verið hefir. Verður þá, þegar vel gengur, auðveldara miklu um sættir allar og samlyndi; en nú virðist svo erfitt í þeim eftum, eins og kunnugt er, og væri þó annars mjög mikil þörf, því að aldrei hefir ósamlyndið verið hættulegra en nú, meðan verið er í röst aldaskiftanna.

1. mars.

Helgi Pjetursse.